

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli hinn 9. júní 2002 við sameiningu Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 318/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Rangárþing ytra.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Hlíðarhús 3-5.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 14. júní 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhús 3-5. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grensásvegur 13.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 29. maí 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grensásveg 13. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. júní 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Efri-Vík í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 5. maí 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir ferðabjónustu við Efri-Vík í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagsuppdráttur með breytingu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.